

Nd.

511. Nefndarálit

[77. mál]

um frv. til l. um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv., en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Sex nefndarmenn leggja til, að frv. verði fellt, en undirritaður leggur til, að það verði samþykkt.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir því, að sérstök nefnd ákveði heildarskipulag miðbæjarins og gerð helztu bygginga, sem þar verði reistar. Í nefndinni verði fulltrúar Alþingis, ríkisstjórnar, borgarstjórnar Reykjavíkur, Arkitektafélags Íslands og einnig eigi þar sæti meðal annarra þjóðminjavörður og skipulagsstjóri ríkisins. Nefndin skal sérstaklega vinna að staðsetningu og teikningu alþingishúss, stjórnarráðshúss og ráðhúss Reykjavíkur, ef ráðlegt þykir, að allar þessar stórbyggingar verði innan þessa svæðis.

Eins og rækilega er rökstutt í greinargerð, er brýn nauðsyn, að skipulagsmál miðbæjarins í Reykjavík verði tekin fastari tökum en verið hefur, og virðist mér, að samþykkt frumvarpsins gæti stórum auðveldað, að leyst yrðu vandamál við staðsetningu ýmissa stórbygginga, sem reisa þarf á vegum ríkis og Reykjavíkurborgar, án þess að útliti gamla miðbæjarins sé spillt að óþörfu.

Af þessum ástæðum mæli ég með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 14. apríl 1967.

Ragnar Arnalds.